

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söfnunarkassa nr. 320/2008.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Íslandsspilum, sem er félag í eigu Rauða kross Íslands og Slysavarnafélagsins Landsbjargar, er heimilt að reka allt að 650 söfnunarkassa með peningavinningum, sbr. lög nr. 73/1994.
Íslandsspilum er skylt að tilkynna dómsmálaráðuneytinu um nýja söfnunarkassa og nýja leiki hverju sinni.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:
a. Í stað „Íslenskum söfnunarkössum“ í 2. mgr. kemur: Íslandsspilum.
b. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Við rekstur söfnunarkassa skal gætt að ábyrgri spilahegðun og heilsu almennings eftir því sem kostur er.

3. gr.

1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Stjórn Íslandsspila ákveður hvar söfnunarkössum verður komið fyrir.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglugerðarinnar:
a. 2. mgr. orðast svo:
Hámarksfjárhæð sem hægt er að nota í hverjum einstökum leik er 300 kr.
b. 3. mgr. orðast svo:
Í söfnunarkassa er heimilt að nota íslenska mynt og seðla sem í gildi eru á hverjum tíma.
Heimilt er að greiða fyrir þátttöku í leik og taka á móti vinningum með rafrænum hætti.

5. gr.

2. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar orðast svo:
Hámarksvinningur söfnunarkassa skal aldrei vera hærri en 5.000.000 kr.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. reglugerðarinnar:
a. 1. mgr. orðast svo:
Vinningshafi skal að jafnaði fá vinning sinn greiddan úr söfnunarkassa með reiðufé, útprentuðum miða eða með rafrænum hætti.
b. 3. mgr. orðast svo:
Vinningsmiðar eru greiddir á útgáfustað eða á skrifstofu Íslandsspila eða með rafrænum hætti.
Vinnings skal vitja innan árs frá því til hans var unnið. Að þeim fresti liðnum fellur vinningurinn niður.

7. gr.

Í stað „Íslenskir söfnunarkassar“ í 9. gr. reglugerðarinnar kemur: Íslandsspil.

8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:
a. Hvarvetna þar sem heitið „Íslenskir söfnunarkassar“ kemur fyrir í greininni kemur: Íslandsspil.
b. Hvarvetna þar sem „dóms- og kirkjumálaráðherra“ kemur fyrir í greininni kemur: dómsmálaráðherra.

Nr. 1035

2. september 2024

- c. Hvarvetna þar sem „dóms- og kirkjumálaráðuneyti“ kemur fyrir í greininni kemur í viðeigandi beygingarmynd: dómsmálaráðuneyti.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 4. gr. laga um söfnunarkassa, nr. 73/1994, öðlast þegar gildi.

Dómsmálaráðuneytinu, 2. september 2024.

Guðrún Hafsteinsdóttir.

Haukur Guðmundsson.

B-deild – Útgáfudagur: 17. september 2024